



**HLÍÐARFJALL**  
**SKÍÐASVÆÐI VIÐ AKUREYRI**  
**DEILISKIPULAG**  
**BREYTING Á SKILMÁLUM**  
**12. APRÍL 2018**



Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 (hluti sveitarfélagsuppdráttar)



Hluti gildandi deiliskipulags, byggingarreitur fyrirhugaðrar stólalyftu er innan rauða reitsins.

**Breytingar á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:**

Breyting á deiliskipulagi varðar skilmála fyrir nýja stólalyftu innan byggingarreits R.

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að stjórnstöðvarhús við endastöðvar verði að hámarki 30 m<sup>2</sup> en sú breyting er gerð að stærð stjórnstöðvarhúsa verður að hámarki 50 m<sup>2</sup>. Þá verður heimilt að hafa kjallara undir stjórnstöðvarhúsunum.

Hámarkshæð stjórnstöðvarhúsa verður óbreytt eða 4,0 m yfir gólfkóta, en hámarkshæð kjallara verður 3,0 m frá gólfkóta upp að gólfplötu aðalhæðar.

**Fyrir breytingu:**

**R – Stólalyfta**

Gert er ráð fyrir að ný stólalyfta verði byggð sunnan núverandi stólalyftu. Neðri endastöð verður um 100 m sunnan núverandi stólalyftu og um 250 m austan efri endastöðvar hennar. Lyftan verður allt að 1,2 km að lengd og mun ná upp á flata sem er um 150 m vestar og ofar í fjallinu en núverandi endastöð Stromplyftu.

Innan byggingarreits er heimilt að reisa allt að 6 sæta stólalyftu ásamt tilheyrandi stjórnstöðvarhúsum við endastöðvar. Stjórnstöðvarhús skulu hvort um sig vera að hámarki 30 m<sup>2</sup> og hámarkshæð þeirra vera 4,0 m yfir gólfkóta. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

**Eftir breytingu:**

**R – Stólalyfta**

Gert er ráð fyrir að ný stólalyfta verði byggð sunnan núverandi stólalyftu. Neðri endastöð verður um 100 m sunnan núverandi stólalyftu og um 250 m austan efri endastöðvar hennar. Lyftan verður allt að 1,2 km að lengd og mun ná upp á flata sem er um 150 m vestar og ofar í fjallinu en núverandi endastöð Stromplyftu.

Innan byggingarreits er heimilt að reisa allt að 6 sæta stólalyftu ásamt tilheyrandi stjórnstöðvarhúsum við endastöðvar. Stjórnstöðvarhús skulu hvort um sig vera að hámarki 50 m<sup>2</sup> og hámarkshæð þeirra vera 4,0 m yfir gólfkóta aðalhæðar. Heimilt er að hafa kjallara undir stjórnstöðvarhúsunum, hámarkshæð kjallara verður 3,0 m frá gólfkóta upp að gólfplötu aðalhæðar. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

Fyrir utan breytingar þessar gildir greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 19. mars 2014 m.s.br.

**Samþykktir**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123 /

2010, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Bæjarstjóri Akureyrar

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann \_\_\_\_\_

